

Rætt við Erró — síðari hluti

„MIKKI MÚS OG REMBRANDT“

LISTAHÁTIÐ

1978



A.I.: „Þú hefur ávallt unnið mikið í seríum, og með seríur innan mynda. Hvernig stendur á þessu? eru þetta áhrif frá kvikmyndum?“

Erró: „Ég veit ekki. Hugmyndirnar hrannast upp og virðast nægja í margar myndir. Annars hef ég ætíð stundað kvikmyndahús, lífið í þeim meðan ég var í París og svo síðar í New York með Warhol og Jonas Mekas.“

A.I.: „Hvað tók það þig langan tíma að komast á réttan kjöl fjárhagslega í París?“

Erró: „Ítölsku safnararnir björguðu mér. Þeir voru stundum óþrútnir og þá þurfti maður að elta þá til Ítalíu. Ætli það hafi ekki tekið mig 3—4 ár að verða sjálfbjarga.“

A.I.: „Fyrir utan málu og ferðalög, þá ertu árið 1962 kominn út í meiri háttar uppákomur og kvikmyndir. Hvernig atvikaðist það?“

Erró: „Mig langaði að prófa eitthvað nýtt. Nú, þessar uppákomur eru að sjálfsögðu í beinan karlegg frá súrrealísku uppákomunum og það var Lebel sem var mikið á bak við þetta í Frakklandi. Ég hef áður minnst á kvikmyndadellu sem ég hafði. Mig langaði að prófa sjálfur, skipti á málverki og 16 mm Bolex vél og út úr þessu kom „Grimaces“ (Grettur), þar sem fjöldi listamanna feti sig og gretti við sérstakt „soundtrack“. Bolex vélin var töluvert merkileg. Hún gekk frá manni til manns í listamannaheiminum. Mig minnst að John Chamberlain, myndhöggvarinn, hafi loks skipt á henni og hassi (hlær).“


A.I.: „Voru þarna einhver tengsl við uppákomur Ameríkumanna eins og Kaprows?“

Erró: „Mikil ósköp. Þegar Kaprow og félagar hans komu til Parísar, þá aðstoðuðum við þá við sviðsetningu hjá Sonnabend. En þegar við komum til New York þá vildu þeir ansi lítið gera fyrir okkur.“

Erótíkin kraftmeiri við stækkun

A.I.: „Erótík er snar þáttur af þinni list, allt fram á þennan dag.“

Erró: „Þetta er svo mikilvægur hluti af lífi okkar allra. Nú, svo er það líka dælitíð „súbersíft“ að vekja rækilega athygli á erótík, mála stór verk með slíku inntaki. Erótíkin verður kraftmeiri við stækkun, hún breytir líka áherslum. Lítil „shunga“ mynd frá Japan gjörbreyttist þegar hún er stækkuð.“



og Allende og Chile

A.I.: „Konur í lífi þínu?“

Erró: (hlær). „Ég hef ávallt verið heppinn með konur. Ég hef eflaust reynt mjög á þórlifin í þeim. En allur viðskilnaður minn við konur hefur ávallt verið án biturleika — við erum góðir vinir eftir á, þær eru nú vel giftar flestar.“

A.I.: „Eitt af því sem fer að bera mikið á í verkum þínum eftir 1960 eru tilvitnanir í aðra málara, lífs og líðna og svo samsetning teiknimyndafígúra og frágra málverka. Með hvaða hugarfari gerir þú þær myndir?“

Erró: „Ég var ekki að gera gys að þessum málverkum. Hins vegar eru t.d. Guðsmæður þessara málverka mér engu mikilvægari en t.d. Andrés önd.“

Ég felli þetta tvennt saman til að sjá hvað skeður og andstæðurnar eru mikilvægar, — bæði inntaksandstæður og svo aðferðirnar. Flöt teiknimynd kemur eins og kinnhestur á vandlega málað málverk. Ég segi ekki að Rembrandt hafi ekki meira að segja en t.d. Mikki mús. Alvara Rembrandts skiptir vissulega máli. En ég held samt að skynjun okkar á t.d. Rembrandt hafi breyst við tilkomu teiknimyndanna, við sjáum verk hans öðruvísi. Nú, svo hef ég ávallt gaman af hinu óvænta — þegar einhver rekur við í kirkju til dæmis. Það koma svo stórkostlegir hlutir fyrir mann sem eru eins og opinberanir. Ég gleymi því aldrei hvað kom fyrir mig á Indlandi. Ég var í strandríkinu Góa og var að „surfa“. Þá datt einn vinur minn og ég greip hann og braut í mér viðbein í leiðinni svo það stóð út úr. Ég var færður til læknis þar eins og skot, settur á bekk þar sem ég sat um stund. Svo komu læknar, en í stað þess að krukka í mig og laga brotið, þá knéféllu þeir og báðust fyrir. Einhver sagði mér þá að ég minnti þá á Búddha. Síðan var sárabindi tekið af, alblóðugt. Gluggar eru þarna opinir og mikið um hrafna, tamda og villta. Þar sem sárabindi lá á gölfinu flugu tveir hrafnar inn, tóku sinn í hvorn enda bindisins og ætluðu út, en flugu út um tvo glugga, þannig að sárabindi slengdist á vegginn og myndaði langt rautt strik. Þetta fannst mér makalaust. Reglulegur „táchismi“ En svo ég haldi mér við teiknimyndirnar — þær komu til sögunnar í New York 1963 og ég held að málverk min hafi einnig orðið liststerkari og flóknari eftir Ameríkuförina. New York hefur þessi áhrif á mann, ég fyllist þar mikilli vinnugleði.“

en þá kom lögreglustjóri auga á það að í einu horni hennar voru einhverjar verur við hið óguðlega athæfi sem, eins og hann sagði „almennur nefnir 69“ og bannaði hann myndina í Milanó. Þetta varð mikill blaðamatúr. Ég gerði síðar aðra mynd með a.m.k. sextíu og níu verum í sextíu og níu iðkun og sendi honum ljósmyndina. Nú, um páfamyndina er lítið að segja. Ég hafði málað Jóhannes páfa við hlið naktar konu eftir Modigliani og þegar átti að sýna hana í Róm, bannaði Vatíkanið hana. Hún var tekin út af

Þegar Ferró varð Erró

A.I.: „Þrjú atburðir vöktu athygli blaða á þér á þessum tíma — nafnbreytingin þegar Ferró varð Erró, sýning í Milanó og svo páfamyndin í Róm. Viltu rifja þetta upp fyrir okkur.“

Erró: „Jú, til var annar Ferró, gamall karl sem málaði myndir eftir pöntun. Ég var farinn að fá pantanir, þar sem beðið var um myndir með trjáum til vinstri, húsum til hægri o.s.frv. Svo fór karl í mál og notaði lög frá fasista-

en þá kom lögreglustjóri auga á það að í einu horni hennar voru einhverjar verur við hið óguðlega athæfi sem, eins og hann sagði „almennur nefnir 69“ og bannaði hann myndina í Milanó. Þetta varð mikill blaðamatúr. Ég gerði síðar aðra mynd með a.m.k. sextíu og níu verum í sextíu og níu iðkun og sendi honum ljósmyndina. Nú, um páfamyndina er lítið að segja. Ég hafði málað Jóhannes páfa við hlið naktar konu eftir Modigliani og þegar átti að sýna hana í Róm, bannaði Vatíkanið hana. Hún var tekin út af



Ha, ha, ha-hamingjuland.

sýningunni og sýnd annars staðar. Þetta er allt vatn á myllu blaða.“

A.I.: „Þegar leið á sjötta áratuginn fórst þú í æ ríkara mæli að láta gera grafik eftir málverkunum. Hvaða tilgangi þjónaði það?“

Erró: „Það er kannski ekki alveg rétt — ég breytti grafikinni dálítið frá málverkunum. Ég sé eftir að hafa ekki unnið alveg nýja grafik þá, ég hefði haft meiri ánægju af því. Nú, grafik gerði ég og geri ef ég er beðinn um það og það er eitthvað „súbersíft“ við það að láta ekki ríka safnara vera eina um það að njóta verkanna, heldur dreifa eftirmyndun þeirra til almennings.“

A.I.: „Á þessum tíma fara andstæður einnig að vera skarpari í myndum þínum. Skrímslum er teft gegn þekktum mannsandlitum o.s.frv.“

Erró: „Þetta eru bæði prófanir á nýjum myndrænum möguleikum og svo eins konar kjaftshögg. Þær þurfa ekki endilega að vera árástir á tiltekna menn — heldur spurningar: „Hvað mundi ske, ef...“ Aðhorfandi hrekkur við, undrast og eitthvað nýtt hefur komið fyrir hann. Nú, það má kannski segja líka að allt í heiminum sé afstætt — maður horfir á helgimyndir með vitneskjuna um Mikka mús og kollinum. Ekkert er einstætt heldur listast það af öllu því sem í kringum það er.“

A.I.: „Hvaða þýðingu hafa ferðalögin fyrir þig?“

Erró: „Mér finnst gott að skipta um umhverfi. Staðir orka misjafnlega á mann og starfsþrek manns. Min ferðalög eru líka söfnunarferðir, ég víða að mér býsn af efni.“

Breytt hlutverk listamannsins

A.I.: „Hefur ekki hlutverk listamannsins breyst á síðustu árum?“

Erró: „Hann er kannski hættur að vera uppfinningamaður forma, heldur tekur hann það sem fyrir er, hagræðir því, fægir það og breytir því. Handbragðið er aftur orðið mikilvægt, eins og á endurreisnartímanum. Samkeppnin er líka orðin meiri, ekki milli

listamanna endilega, heldur er t.d. mikið af vélabúnaði orðinn hreinn skúlptúr — geimferðateki til dæmis.“

A.I.: „Eru þá „space“ myndirnar eins konar lofsöngur um fegurð þessara tækja?“

Erró: „Vissulega má líta á þær þannig.“

A.I.: „En er þá listamaðurinn ekki genginn í lið með vélvæðingunni?“

Erró: „Ekkert endilega. Ég hugsa að í framtíðinni verði myndlist eins konar skæruhernaður, gegn vélvæðingu.“

A.I.: „Árið 1967 fórst þú ásamt öðrum

breyti yfir í sól.“

A.I.: „Hvernig er vinnu þinni svo háttað?“

Erró: „Ég vinn fastan vinnudag ef ég get, frá 6—7 á morgnana til 5—6 á daginn. Á kvöldin hitti ég kunningja og skemmti mér. Mér er illa við helgar og vinn þær einnig. Nú, ég á alls kyns hjápartæki, episkóp, linsur og sýningarvélur sem ég nota til skiptis. Einnig vinn ég mikið frihendis. Ég reyni að breyta um vinnuáferðir eins mikið og mögulegt er — byrja hægra megin á einu málverki, svo vinstra

í eftirminnilega ferð til Kúbu. Segðu okkur frá henni.“

Erró: „Stórkostleg ferð það. Við vorum fjórir listamenn sem fengum boð um að koma þangað og vinna. Það var tekið á móti okkur eins og kóngafólki og þarna var ég í 4 mánuði. Það var engin kvöld á okkur að skilja eftir málverk en okkur leið svo vel þarna að við gerðum það allir. Nú eru þessi verk í Nútimalistasafninu í Havana. Þetta gætu Íslendingar gert til að eignast verk eftir helstu listamenn nútímans, bjóða þeim hingað í vinnu og skemmtiferð í nokkra mánuði. Þetta er enginn vandi.“

A.I.: „Árið 1968 hefst myndröðin „American Interiors“ eða „Bandarísk búasæld“ sem ég nefni svo.“

Erró: „Já. Þá var Vietnam stríðið í hámarki og ég hafði miklar áhyggjur af þróun mála. Þarna var stærsta herþjóð veraldar að ganga í skrokk á bændaþjóðfélagi, sprengja heimili þeirra. Þá datt mér í hug að athuga hvernig Austurlandabúar litu út, t.d. inni á heimili miðstéttarjölskyldu í ja, Amarillo í Texas eða nálægt, með vopn og allt sitt hafurtask. Þessar myndir vöktu athygli og kannski hafa þær hjálpað við að breyta hugarfari manna.“

A.I.: „Hvernig undirbýrð þú myndir þínar?“

Erró: „Ég dreg að mér fjölda mynda sém ég flokka og geymi. Ég á til dæmis mikið safn af leggjum, höndum, höfðum o.s.frv. á spjaldskrá sem ég get leitað til. Ef mig vantar rigningu þá fletti ég upp á henni í skránni og athuga hvers konar rigningu ég á á lager (hlær). Nú, svo enda þessar rigningar spekulásjónir kannski á því að ég

megin í öðru, nota episkóp við eitt og vinn frihendis við annað.“

A.I.: „Er ekki listmálun allt að því gamaldags iðja nú á dögum?“

Erró: „Jú. Helst þyrfti maður að geta notað tölvu. En það er gaman að keppa við vélna og ég held einmitt að á vélvæddum tímum, þá sé handbragðið eins konar andóf.“

A.I.: „Á sýningu þinni að Kjarvalsstöðum eru a.m.k. þrenns konar ástarlifsmyndir. Í sumum virðist þú leggja að jöfnu kynferðislegt ofbeldi og fasisma.“

Erró: „Já. Þetta er sama tóbakið, ekki satt. Í Japónsku seriunni, þar sem hernaður og ástarlíf eru sýnd, þar má túlka myndirnar á nokkra vegu. Ástarlíf og hernaður geta verið andstæður, annað er líf-vekjandi en hitt deyðandi. Nú, svo má einnig segja að árásarhvót mannsins og erótísk hvót hans séu líkar. Líka er auðvelt að sjá hvað hernaður er oft erótískur — öll þessi fallisku vopn, rakettur, rifflar o.s.frv.“

A.I.: „Hvað með Crumb-seríuna, þar sem þú notar teiknaða pornógrafíu með fasiskum plakötum. Ertu að deila á Crumb karlinn?“

Erró: „Nei, ég er miklu frekar að sýna fram á fánleika fasistaáröðursins með því að tefla honum gegn þessum sprenglæglegu pornógrafísku teikningum.“

A.I.: „Að lokum. Hvað viltu segja um þá myndlist sem þú hefur séð á Íslandi?“

Erró: „Mér list vel á hana. Ég hef séð marga skemmtilega hluti. Mér finnst helst vanta einhverja figúratífa tilbúð. Ég held að ungir málara hér hefðu gott af slíku. En ég er vongóður um þróun mála.“

Myndlist



ADALSTEINN
INGÓLFSSON